

# ***1. Almennar upplýsingar***

## *Heiti*

Efnahagsyfirlit verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða.

## *Tilgangur*

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóða. Gögnin eru einnig hluti af uppgjöri á fjármálareikningum sem unnir eru í samstarfi við Hagstofu Íslands. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

## *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun.

## *Heimildir*

Mánaðarlegt efnahagsyfirlit er unnið upp úr mánaðarlegum skýrslum frá verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum.

## *Lagagrundvöllur*

Gagnasöfnunin er á grundvelli [32. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#). Skv. 41. gr. þeirra laga er Seðlabankanum heimilt að eiga upplýsingaskipti við opinbera aðila um atriði sem lög þessi taka til þegar upplýsingaskiptin eru í samræmi við lögmælt hlutverk Seðlabankans eða móttakanda.

# ***2. Aðferðafræði***

Aðferðafræði sú sem Seðlabankinn notar við hagtölugerð um verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði byggir á staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um hagtölur peninga og fjármála. Einnig er tekið mið af stöðlum um þjóðhagsreikninga [SNA2008](#) og [ESA2010](#).

Skv. ofangreindum stöðlum er hagkerfinu skipt upp í fimm mismunandi geira auk erlendra aðila. Til innlendra aðila teljast allar þær stofnanaeiningar sem eru heimilisfastar á Íslandi. Til að teljast stofnanaeining þarf viðkomandi efnahagsleg eining að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Geta átt eignir í eigin nafni
- Geta stofnað til skulda í eigin nafni

- Geta tekið viðskiptalegar ákvarðanir og átt í viðskiptum
- Gera eigin efnahagsreikning (hafi efnahagslega þýðingu að búa hann til)

Til eru tvær tegundir af stofnanaeiningum;

- Heimili
- Lagaleg eða félagsleg eining

Eftirstöðvatími lána og markaðsskuldabréfa miðast við upphaflegan eftirstöðvatíma. Langtímalán-og kröfur haldast því áfram langtímalán/-kröfur þó svo að rauneftirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri. Tímalengdir upprunalegs eftirstöðvatíma eru tvær: Skammtíma:  $\leq 1$  ár og langtíma  $> 1$  ár.

### *Flokkunarkerfi*

Stofnanaeiningar eru flokkaðar saman í geira innan hagkerfisins á grundvelli starfsemi þeirra og markmiða.

Geiri	Flokkur	Lýsing
S.1	Innlendir aðilar	Lögaðilar og einstaklingar með lögheimili á Íslandi án tillits til ríkisfangs sbr. skilgr. laga nr. 87/1992.
S.11	Atvinnufyrirtæki	Stofnanaeiningar sem framleiða vörur og þjónustu til sölu á markaði.
S.12	Fjármálafyrirtæki	Stofnanaeiningar sem veita fjármálaþjónustu og hafa milligöngu á fjármálamarkaði.
S.121	Seðlabanki	Stofnanaeining sem hefur það meginhlutverk að gefa út gjaldmiðil og vinna að því að viðhalda virði hans, varðveita og ávaxta gjaldeyrisvaraforða landsins ásamt því að veita lánaþyrngreiðslu til innlánsstofnana.
S.122	Innlánsstofnanir	Stofnanaeiningar sem hafa fjármálamilligöngu að meginstarfsemi: taka við innlánnum, gefa út skuldabréf og víxla, veita lán og fjárfesta í verðbréfum fyrir eigin reikning.
S.122X	Innlánsstofnanir í slitameðferð	Fjármálafyrirtæki sem höfðu starfsleyfi sem innlánsstofnanir en hafa verið sett í slita- eða nauðasamningaferli .
S.123	Peningamarkaðssjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta fyrir eigin reikning fyrst og fremst í innlánnum, hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og skammtímaverðbréfum .
S.124	Aðrir sjóðir en peningamarkaðssjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, aðrir en þeir sem eru flokkaðir sem peningamarkaðssjóðir.
S.125	Önnur fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að stofna til skulda, án þess þó að taka við innlánnum eða gefa út hlutdeildarskírteini, í þeim tilgangi að eignast fjáreignir. T.d. lánaþyrntæki, fjárfestingabankar, fjármögnunarleigur, verðbréfafyrirtæki, greiðslukortafyrirtæki.
S.125X	Önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð	Fjármálafyrirtæki sem hafa verið sett í slita- eða nauðasamningaferli og starfsleyfi afturkallað.

S.126	Fjármálagleg hliðarstarfsemi	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst sinna starfsemi nátengdri fjármálamilligöngu með fjáreignir og skuldir án þess þó að viðkomandi fyrirtæki eignist eignirnar eða skuldi það sem það hefur milligöngu um. T.d. verðbréfa- og váttryggingamiðlarar, rekstrarfélög, kauphallir, rekstraraðilar greiðslukerfa.
S.127	Innbyrðis fjármálastarfsemi	Stofnanaeiningar sem sinna fjármálamilligöngu þar sem viðskipti með eignir þeirra og skuldir fara sjaldnast fram á opnum markaði. Hér er átt við fyrirtæki sem eiga í viðskiptum innan afmarkaðs hóps s.s. við dótturfélög eða félög í eigu sama móðurfélags. T.d. eignarhaldsfélög og sértæk félög (special purpose entities).
S.128	Váttryggingafélög	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu þar sem áhættu er safnað saman, aðallega í formi beinna trygginga eða endurtrygginga.
S.129	Lífeyrissjóðir	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að tryggja sjóðsfélögum tekjur eftir starfslok eða við örorku skv. lífeyrisréttindum þeirra.
<b>S.13</b>	<b>Hið opinbera</b>	Stofnanaeiningar sem hafa löggjafar-, dóms- eða framkvæmdavald yfir öðrum stofnanaeiningum. Opinberir aðilar veita þjónustu á verði sem stendur ekki undir meginhluta kostnaðar og eru einkum fjármagnaðir í gegnum skatta og opinber gjöld.
S.1311	Ríkissjóður	Ráðuneyti og undirstofnanir þeirra sem og löggjafarvald.
S.1313	Sveitarfélög	Stjórnsýslustofnanir á sveitastjórnarstigi.
<b>S.14</b>	<b>Heimili</b>	Einstaklingar einn eða fleiri, sem deila húsnæði og sameinast um útgjöld vegna fæðis og húsnæðis.
<b>S.15</b>	<b>Óhagnaðardrífín félög sem þjóna heimilum</b>	Stofnanaeiningar sem framleiða vöru eða þjónustu fyrir heimili frítt eða á lágu verði og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. T.d. stéttarfélög, stjórnmalaflokkar, trúfélög, íþróttafélög og áhugafélög.
<b>S.2</b>	<b>Erlendir aðilar</b>	Stofnanaeiningar sem hafa heimilisfesti utan Íslands.

### 3. Hugtök og skilgreiningar

Rekstrarfélög verðbréfasjóða starfa samkvæmt [lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki](#) og [lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði](#). Rekstrarfélag ber ábyrgð á og sér um rekstur verðbréfasjóða en félagið gefur út hlutdeildarskírteini til eigenda að sjóðunum. Rekstrarfélög eru lögum samkvæmt sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki, þ.e. sjálfstæðir lögaðilar, sem eiga að vera óháð móðurfélögum. Rekstur verðbréfasjóða er starfsleyfisskyld starfsemi og leyfi til þeirrar starfsemi er ekki veitt öðrum en rekstrarfélögum, [sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4.gr. laga nr. 161/2002](#). Rekstrarfélög fá starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og geta á grunni þess starfsleyfis opnað útibú eða veitt þjónustu alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða starfa samkvæmt [lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020](#). Með lögunum er AIFM (Alternative Investment Fund Managers) tilskipun Evrópusambandsins innleidd í íslenskan rétt. Lögin fjalla um rétt til að reka og markaðssetja sérhæfða sjóði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Lögin fjalla einnig um rétt til að reka og markaðssetja fjárfestingarsjóði hér á landi. Undir sérhæfða sjóði falla fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir.

**Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir** eru sjóðir sem taka við fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

**Fagfjárfestasjóðir** eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu en það sem skilur þá frá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum er að þeir standa aðeins fagfjárfestum til boða. Almennigi er því ekki heimilt að fjárfesta hjá fagfjárfestasjóði auk þess sem óheimilt er að markaðssetja og kynna slíka sjóði fyrir almenningi. Fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða eru enda mun rýmri og reyndar eru engar takmarkanir á þeim. Fjárfesting í þeim er því eðli málsins samkvæmt mun áhættusamari.

Nánari skilgreiningar á sjóðunum er hægt að nálgast áður nefndum lögum um verðbréfasjóði nr. 128/2011 og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

**Tegund sjóða** eru þær tegundir sem sjóðirnir eru flokkaðir í, þ.e.: blandaðan sjóð, fasteignasjóð, hlutabréfasjóð, peningamarkaðssjóð, sérhæfðar fjárfestingar, skuldabréfasjóð og vogunarsjóð. Það fer eftir fjárfestingarstefnu hvers sjóðs til hvaða tegundar hann flokkast.

### ***Blandaður sjóður***

Sjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir bæði í hlutabréfum og skuldabréfum þar sem ekki er meiri áhersla lögð á aðra tegundina fremur en hina.

### ***Fasteignasjóður***

Fasteignasjóður tilheyrir sérhæfðum fjárfestingum. Fasteignasjóður er sjóður sem fjárfestir aðallega í fasteignum og getur verið skráður eða óskráður.

### ***Hlutabréfasjóður***

Sjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir aðallega í hlutabréfum.

### ***Peningamarkaðssjóður***

Sjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í peningamarkaðsgerningum. Peningamarkaðsgerningar eru þeir flokkar auðseljanlegra gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis- og sveitarfélaga, innlánskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Með greiðsluskjölum er m.a. átt við ávísanir, víxla og önnur sambærileg greiðsluskjöl. Hámarkslíftími einstakra verðbréfa má ekki vera lengri en 397 dagar.

### ***Sérhæfðar fjárfestingar***

Sjóðir sem eru stofnaðir í félagsformi og eru því sjálfstæðir lögaðilar. Oft eru þeir settir upp sem samlagshlutafélög og fjárfesta t.a.m. í fasteignum og óskráðum félögum.

### ***Skuldabréfasjóður***

Sjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir aðallega í skuldabréfum.

### ***Vogunarsjóður***

Vogunarsjóður tilheyrir sérhæfðum fjárfestingum. Vogunarsjóður fellur ekki undir hefðbundnar lagalegar takmarkanir um fjárfestingarstefnu (fjárfestavernd). Þess vegna getur hann (að uppfylltum ákveðnum skilyrðum) fjárfest í ríkari mæli en venjulegir verðbréfasjóðir og notað til þess margvíslegar fjárfestingaraðferðir, svo sem skortstöður, skuldsetningu og afleiður, sem aðrir sjóðir geta ekki nýtt sér í sama mæli. Vogunarsjóðir standa aðeins fagfjárfestum til boða og eru því lokaðir almenningi.

**Innlendur aðili** skv. skilgreiningu [laga um gjaldeyrismál \(nr. 87/1992\)](#) merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Íslenskur ríkisborgari og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að, telst innlendur aðili. Innlendur aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt

hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Hérland útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

**Erlendur aðili** er allir aðrir en innlendir aðilar, sbr. ofangreinda skilgreiningu.

**Hlutabréf** er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins. Hlutabréf útgefin af félagi sem skráð er í kauphöll í heimaríki sínu flokkast sem skráð hlutabréf en ef félag er ekki skráð í kauphöll eru hlutabréf flokkuð sem óskráð.

**Hlutdeildarskírteini** er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar í hlutfalli við hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.

**Skuldabréf** er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Algengt er að skuldabréf séu gefin út til 5-30 ára og þau er hægt að fá bæði verðtryggð og óverðtryggð. Verðtryggð skuldabréf eru að lágmarki til 5 ára, samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr. 492/2001\)](#) og eru miðuð við vísitölu neysluverðs.

**Íbúðabréf** eru skuldabréf sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði (frá 1. júlí 2004) til að fjármagna peningalán til húsnæðiskaupa eða –byggingar.

**Húsbréf** eru skuldabréf sem gefin voru út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) á tímabilinu 15. nóvember 1989 til 1. júlí 2004 til að fjármagna útlán til húsnæðiskaupa eða -bygginga. Eftir að Íbúðalánasjóður hóf útgáfu Íbúðabréfa hefur útgáfu nýrra húsbréfa verið hætt.

**Húsnæðisbréf** voru gefin út af forvera Íbúðalánasjóðs, Húsnæðisstofnun ríkisins, til að endurfjármagna eldri fjármögnunarlán stofnunarinnar og til að fjármagna ný félagsleg lán

stofnunarinnar. Eftir að Íbúðalánasjóður hóf útgáfu íbúðabréfa hefur útgáfu nýrra húsnæðisbréfa verið hætt.

**Markaðsskuldabréf** er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Markaðsskuldabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði skal flokka eftir því hver er útgefandi en ekki hver er seljandi. Markaðsskuldabréfum er skipt upp eftir því hvort um verðtryggð bréf er að ræða eða önnur bréf. Markaðsvíxlar falla einnig í þennan flokk og flokkast með öðrum markaðsskuldabréfum.

**Innlán** eru fjármunir sem lagðir eru inn á reikning í innlánsstofnun til ávöxtunar til lengri eða skemmri tíma. Innlánin geta verið smásöluinnlán eða heildsöluinnlán. Heildsöluinnlán eru innlán þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána annaðhvort beint við viðkomandi innlánsstofnun eða fyrir milligöngu miðlara á peningamarkaði. Slík innlán standa almennum sparifjäreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir. Smásöluinnlán eru innlán á stöðluðum reikningum með auglýstum kjörum og tímalengd.

- Veltiinnlán eru innlán sem eru nothæf til greiðslu til þriðja aðila með debetkortum, ávísunum, girógreiðslum eða öðrum beinum greiðslubúnaði.
- Óbundin innlán eru innlán sem ekki er hægt að nota beint sem greiðslu til þriðja aðila með debetkorti, ávísunum o.þ.h. en eru alltaf laus til útborgunar. Innlán þar sem hvert innlegg er bundið í skamman tíma (nokkra daga) en reikningurinn að öðru leyti óbundinn telst sem óbundið innlán.
- Verðtryggð innlán eru innstæður þar sem inneignin er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og ber þar að auki vexti. Innstæðan er bundin í ákveðinn tíma.
- Önnur bundin innlán eru innlán sem eru annaðhvort með umsömdum binditíma eða innstæður sem eru uppsegjanlegar eftir tilkynningu, þ.e. hafa ekki umsáminn binditíma en hægt að breyta í laust fé með tilkynningu.

**Afleiðusamningar** eru samningar þar sem uppgjörsákvæði byggja á þróun ákveðinna þátta á borð við vaxta, gengis gjaldmiðla, gengis bréfa í tilteknu hlutafélagi, þróun ákveðinnar vísitölu



eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings byggir því á þróun þeirra undirliggjandi þátta sem um ræðir frá samningsdegi til uppgjörsdags. Samningur af þessu tagi er gerður upp í framtíðinni.

**Eigið fé** er eignarhlutur eigenda í fyrirtæki, sem er mismunur eigna og skulda. Það skiptist í útgefið hlutafé (eða hlutabréf) og annað eigið fé. Annað eigið fé er t.d. yfirverð hlutafjár og óráðstafað eigið fé.

**Verðbréfaútgáfa** er skuldabréfaútgáfa og víxilútgáfa til lánsfjáröflunar. Verðbréfaútgáfu er skipt upp eftir því hvort um er að ræða innlenda eða erlenda verðbréfaútgáfu. Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að rauneftirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

**Bein lántaka** er formlegur samningur á milli tveggja aðila (án milligöngu þriðja aðila) þar sem annar aðilinn (lánveitandi) lánar hinum (lántaki) ákv. fjárhæð gegn skriflegu loforði lántaka um endurgreiðslu lánsins skv. ákveðnum skilmálum. Verðbréfaútgáfa fellur ekki hér undir.

**Skortsala** er þegar fjármálagerningur hefur ferð fenginn að láni sem verður seldur síðar. Hægt er að ná skortstöðu með skortsölu eða gerð samnings, þ.e. afleiðusamnings, þar sem hagnaður verður ef lækkun verður á virði undirliggjandi þáttar (s.s. hlutabréfi,

## ***4. Úrvinnsla***

Úrvinnsla gagna fer fram í Upplýsingatækni og gagnasöfnun Seðlabankans. Tölur miðast við stöðu í lok mánaðar.

## ***5. Tímaraðir og tíðni gagna***

Efnahagsyfirlitum yfir alla starfandi verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði er skilað mánaðarlega. Fjárhæðir miða við stöðu í lok mánaðar. Gögn fyrir verðbréfasjóði eru til á mánaðarlegri tíðni frá 1. desember 1993. Gögn fyrir fjárfestingarsjóði eru til á mánaðarlegri tíðni frá 1. janúar 2004. Gögn fyrir fagfjárfestastjóði eru til á mánaðarlegri tíðni frá 1. september 2011 en sérhæfðar fjárfestingar bættust við fagfjárfestastjóðina 1. desember 2016.

Birting er einu sinni í mánuði á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#).

## **6. Annað**

Listi yfir rekstrarfélög verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

1. Akta sjóðir hf.
2. GAMMA Capital Management hf.
3. Ísafold Capital Partners hf.
4. Íslandssjóðir hf.
5. ÍV sjóðir hf.
6. Kvika banki hf.
7. Kvika eignastýring hf.
8. Landsbréf hf.
9. Stefnir hf.
10. Summa rekstrarfélag hf.
11. Félög um sérhæfðar fjárfestingar, en til þeirra teljast aðilar sem hafa heimild til að safna fjárframlögum frá fleiri en einum aðila um sameiginlega fjárfestingu. Um fjárfestinguna verður að vera ákveðin skjalfest fjárfestingarstefna og fjárfestarnir í félaginu hafa almennt ekki dagleg afskipti eða stjórn á félaginu.